

Skólaráð Fjölbrotaskólans í Garðabæ

Fundagerð aukafundar miðvikudaginn 30. ágúst kl. 11:15.

1. Bréf til skólaráðs

A. Umsóknir um leyfi

Afgreiðsla umsókna um leyfi verður send á netfang viðkomandi nemanda.

Ekki er hægt að sækja um leyfi fyrir fleiri en fimm dögum á önn. Leyfi vegna íþróttar eru afgreidd strax en umsóknir um önnur leyfi fá ekki endanlega afgreiðslu fyrr en í lok annar. Samþykkt leyfisumsókna er háð því að skólasókn sé að minnsta kosti 97% fyrir utan þá 1-5 daga sem sótt er um leyfi fyrir.

B. Önnur bréf

Tíu nemendur sækja um mat á íþróttum – vísað til kennslustjóra íþróttadeildar.

Fjórir nemendur sækja um stöðupróf, tveir í spænsku, einn í ensku og einn í frönsku – vísað til kennslustjóra erlendra tungumála.

Einn nemandi sækir um undanþágu frá þriðja tungumáli – vísað til kennslustjóra erlendra tungumála.

Einn nemandi sem er að útskifast sækir um að taka bóklegan áfanga í stað LÝÐH1H102. Það er samþykkt.

2. Félagslíf og fjármál NFFG

Nýnemaballið nýbúið, vel heppnað og tókst vel í alla staði. Ballið stóð rétt tæplega undir sér. Nemendur hvattir til að koma með áætlun fyrir veturinn. Rætt um hvort hætta eigi við salsaballið þar sem aðsóknin var ekki nægileg góð síðasta vetur. Fyrirhugað að hafa kosningu meðal nemenda á opnum fundi 4.10.

Viðburðir áætlaðir yfir daginn í skólanum, candyflos og fleira skemmtilegt.

Val um nýnemafulltrúa framundan. Viðtöl við nýnema á döfinni í öllum nefndum þar sem nýnemafulltrúi á sæti. Umræða um fyrirkomulagið.

Rætt um byrjun skólavetrarins og hvernig þetta fer af stað hjá nemendum.

Nefndir og félög vilja vera með þegar nýnemar fara í Vatnaskóg, fá að koma um kvöldið og kynna sig. Aðalstjórn NFFG verður á stanum og hugsanlega Geitin og Rollan sem ætla að taka myndir og myndskreið.

Skólaráð Fjölbrautaskólans í Garðabæ

Minnt var á að í skólanum starfar ritskoðunarnefnd sem skoðar texta og annað sem birta á – aðallega til að koma í veg fyrir að meiðandi textar verði birtir. Rætt var um að í nefndinni sitji bara nemendur og ákveðið að það verði svo.

3. Önnur mál

Önnur mál voru engin.

Fundinn sátu:

Berglind Magdalena Valdimarsdóttir, forvarnafulltrúi

Auður Sigurðardóttir, náms- og starfsráðgjafi

Dagný Hulda Broddadóttir, náms- og starfsráðgjafi

Guðmundur Stefán Gíslason, verkefnastjóri

Guðrún Fjóra Ólafsdóttir, forseti NFFG

Kári Viðarsson, fulltrúi kennara

Kristinn Þorsteinsson, skólameistari

Kristín Helga Ólafsdóttir, áfangastjóri og ritar jafnframt fundargerð

Laufey Rán Svavarsdóttir, fjármálastjóri NFFG

Sólveig Anna Ásgeirsdóttir, fulltrúi kennara